

Ed. 148. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Fjárhagsráð hefur einnig vald til að ákveða hámarksverð á vörum seldum í fornsölum.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:
Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Verzlunum (heildverzlunum og smásöluverzlunum) er óheimilt að láta til iðnaðar aðrar vefnaðarvörur en þær, sem sérstök gjaldeyris- og innflutningsleyfi hafa verið veitt fyrir í þeim tilgangi. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

3. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða samþykktum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Ítrekun brots varðar aukinni refsingu. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Það eru nú mikil brögð að því, að fornsölur hafi á boðstólum vörur, sem eru ófáanlegar annars staðar, og við verði, sem er hærra en verðlagsákvæði heimila. Sýnist með öllu óþarft, að vörur séu á þessum stöðum seldar hærra verði en annars staðar er leyfilegt, en hins vegar ekki tvímælaust, hvort verðlagsákvæðin ná til þessara verzlana, þar sem starfshættir þeirra eru aðrir en almennra verzlana.

1. gr. þessa frv. miðar að því að taka af öll tvímæli um heimild fjárhagsráðs til þess að ákveða hámarksverð á varningi seldum í fornsölum.

Breytingin, sem gert er ráð fyrir með 2. gr., er gerð í þeim tilgangi að útiloka, að vefnaðarvara, sem ætluð er til sölu í verzlunum, sé seld til iðnaðar, og í 3. gr. felst lítils háttar breyting til lagfæringar á hegningarákvæðum laganna.